

**Mislæg vegamót á Hringvegi(1)
Leirvogstunga/Tungumelar í Mosfellsbæ**
Hljóðvist

Efnisyfirlit

1	Almennt	2
2	Forsendur útreikninga	2
2.1	Almennt	2
2.2	Kröfur um hljóðvist	3
2.3	Umferð	4
3	Niðurstöður	4
4	Teikningaskrá	6
5	Heimildir	6

1 Almenn

Verkfræðistofunni Fjölhönnun ehf. hefur verið falið að meta hljóðstig frá umferð vegna deiliskipulags á færslu Hringvegar og byggingu mismislagra vegamóta við Leirvogstungu og Tungumela í Mosfellsbæ. Núverandi vegi er hliðrað á um 650 m kafla, í plani og lækkaður þannig að mögulegt sé að þvera hann með hringtorgi sem tengist með römpum við Hringveg. Skeringar fyrir Hringvegi miðast við tvöfaldan veg en framkvæmdin felur í sér uppbyggingu á einföldum tveggja akreina vegi með möguleika á breikkun í framtíðinni.

Hljóðstig frá Hringvegi miðast við tvöfaldan veg. Helstu hljóðgjafar á svæðinu er tvöfaldur Hringvegur, hringtorg, rampar og tengivegir að Leirvogstungu og Tungumelum.

2 Forsendur útreikninga

2.1 Almenn

Útreikningar er gerðir í forritinu SoundPLAN 6.4 og er miðað við samnorrænt reiknilíkan fyrir umferðarhávaða, *Road Traffic Noise - Nordic Prediction Method* [1]. Miðað er við að hljóðgjafi sé 0,5 m frá yfirborði vegar og móttakandi hljóðs 2,0 m yfir yfirborði lands.

Samkvæmt “*Reglugerð um hávaða nr. 933*” [2], gefin út af umhverfisráðuneytinu, skal reikna hljóðstig samkvæmt samnorrænu reiknilíkani fyrir umferðarhávaða og skal bera saman niðurstöður úr þessu reiknilíkani og viðmiðunargildi, gefin upp í reglugerðinni. Reiknilíkanið reiknar hljóðstig miðað við hlutlaust veður, þ.e. skýjað, hægur vindur (0-3 m/s) frá vegi að móttakanda, þurrt vegyfirborð og ekki snjóhula eða svellalög á landinu milli vegar og móttakanda.

Ákvæði reglugerðarinnar miðast einnig við þessar sömu aðstæður, þ.e. hlutlaust veður. Suma daga getur hávaðinn orðið meiri en útreiknað gildi og aðra daga minni, og fer það m.a. eftir vindátt, vindhraða, breytilegu hitastigi í mismunandi hæð frá jörðu, blautu vegyfirborði o.s.frv.

Hæðarlíkan af svæðinu eru 1,0 m hæðarlínur. Eins er miðað við hannaðar hæðarlínur fyrir Hringveg, hringtorg og rampa, Fossaveg og tengiveg að Leirvogstungu. Hæðarkótar húsa eru skv. deiliskipulagi.

Í þessum útreikningum er gerð tillaga að útfærslu á hávaðavörnum og eru þær að mestu leiti í formi jarðvegsmana. Heildarhæð varna er breytileg eftir aðstæðum, þ.e. hæð 3,0 - 10 m frá yfirborði malbiks. Hávaðavarnir eru aðallega í formi jarðvegsmana en einnig er gert ráð

fyrir um 2,0 m háum hljóðvegg ofan á jarðvegsmön á kafla móts við Kvíslatungu 116-132 í Leirvogstungu.

2.2 Kröfur um hljóðvist

Í reglugerð um hávaða [2] eru gefin upp viðmiðunargildi og leiðbeiningargildi fyrir umferðarhávaða, jafngildishljóðstig í dB(A) á sólarhring.

Grunntafla	Nýskipulag [dB(A)]	Frávik* [dB(A)]	
		I	II
Innanhúss:			
Íbúðarhúsnæði	30	40	30
Kennslu- og sjúkrastofur	30	35	30
Hávaðalitlir vinnustaðir	40	50	40
Utan við glugga			
Íbúðarhúsnæði	55 (45)	65	70/55**
Kennslu- og sjúkrastofur	55 (45)	60	70
Útisvæði			
Útivistarsvæði í þéttbýli	55 (45)	65	
Sumarhúsabyggð	45 (40)	65	70

Tafla 1. Viðmiðunargildi (leiðbeiningargildi) fyrir umferðarhávaða.[2]

* Frávik: I Veruleg breyting á umferðaræð í byggð sem fyrir er.

II Nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða endurnýjun byggðar sem fyrir er

** 70/55 merkir að viðmiðunarkrafan um 55 dB(A) utan við opnanlegan glugga skal vera uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð. Annars er leyfilegt hljóðstig utan við opnanlegan glugga allt að 70 dB(A).

Viðmiðunargildi innanhúss í töflu 1 miðast við lokaðan glugga. Viðmiðunargildi utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlegan glugga í töflunni eru frísviðsgildi, annaðhvort mæld beint án áhrifa frá endurkastandi flötum, eða mæligildi við húshlið leiðrétt m.t.t. áhrifa frá endurkastandi flötum, eða mæligildi við húshlið leiðrétt m.t.t. áhrifa frá endurkastandi flötum [2].

Leitast er við að uppfylla leiðbeiningargildi 45 dB(A) en það gildi sem miðað er við í þessum útreikningum er viðmiðunargildi 55 dB(A) við íbúðarhúsnæði.

2.3 Umferð

Gerð var umferðarspá fyrir Hringveg og mislæg vegamót við Leirvogstungu/Tungumela í Mosfellsbæ, unnin af Vinnustofunni Þverá 2008. Í umferðarspánni er að finna umferðartölur fyrir árið 2024 á Hringvegi, römpum og tengivegum á svæðinu. Umferðarforsendur á Hringvegi miðast við *Umferðarspá höfuðborgarsvæðisins, endurskoðun 2004* [3], ásamt áætlaðri umferð frá byggðum á Leirvogstungu og Tungumelum.

Samkvæmt samnorrænu reiknilíkani skal reikna jafngildishljóðstig miðað við mældan meðalhraða ef hann er þekktur, annars skiltaðan hámarkshraða.

Eftirfarandi tafla, ásamt mynd 01-02, sýnir samantekt á umferðartölum sem notaðar eru í hljóðvistarútreikningum:

Vegur	Umferð [bílar/sólarhring]	Hámarkshraði [km/klst]	Hlutfall þungra bíla [%]
Hringvegur-A	20.860	90	8
Hringvegur-B	18.000	90	8
Hringvegur-C	43.740	90	8
Fossavegur	25.000	50	8
Tengivegur-LVT	3.600	50	-
Rampi 1	12.870	50	8
Rampi 2	1.430	50	8
Rampi 3	1.430	50	8
Rampi 4	12.870	50	8

Tafla 2. Umferðartölur 2024 skv. umferðarspá.

3 Niðurstöður

Reiknað eru kort af hljóðstigi í 2,0 m hæð yfir landi, bæði með og án hávaðavarna, en einnig eru reiknaðir hljóðnemar/punktgildi hljóðstigs upp við húsvegg á hverri hæð.

Punktgildin eru reiknuð frísviðsgildi, án endurkasts frá þeirri hlið hússins sem neminn liggur við.

Myndir 01 sýnir yfirlitsmynd af hljóðstigi í 2 m hæð án hávaðavarna og mynd 02 sýnir yfirlitsmynd með hávaðavörnum. Myndir 03-09 sýna reiknuð snið á völdum stöðum, sjá nánar staðsetningu á mynd 02.

Niðurstöður á mynd 01 sýna að miðað við gefnar forsendur fer hljóðstig yfir leyfileg mörk á nokkrum stöðum í útjaðri hverfisins, samanber reglugerð um hávaða, ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða.

Á mynd 02 eru sýndar staðsetningar á hljóðmönnum og veggjum, en gert er ráð fyrir 2,0 m vegg ofan á mön móts við Kvíslatungu 116-132 í Leirvogstungu. Hæðir hávaðavarna eru breytilegar eftir staðsetningu og hæð vegar miðað við yfirborð land. Á mynd 02 er gefinn upp hæðarmunur milli yfirborð vestari akbrautar Hringvegjar og toppi hávaðavarna sem liggja meðfram Hringveginum. Þar sem vegurinn er niðurgrafinn er hæðarmunurinn mestur. Einnig má sjá nánar umfang hávaðavarna á sniðum, myndum 03-09. Áskilinn er réttur til að setja hávaðavarnir víðar á skipulagssvæðinu en sýnt er á uppdráttum, ef þörf krefur.

4 Teikningaskrá

Nr	Nafn	Kvarði
01	Hljóðkort, umferð árið 2024, án hávaðavarna	1:3000
02	Hljóðkort, umferð árið 2024, með hávaðavörnum	1:3000
03	Snið A	1:1000
04	Snið B	1:500
05	Snið C	1:500
06	Snið D	1:1000
07	Snið E	1:1000
08	Snið F	1:1000
09	Snið G	1:1000

5 Heimildir



[1] Nordic Council Of Ministers, 1996, **Road Traffic Noise – Nordic Prediction Method**,
Temamord, Kaupmannahöfn.

[2] Umhverfissráðuneytið, desember 1999, **Reglugerð um hávaða nr. 933**.

[3] VST, apríl 2005, **Umferðarspá höfuðborgarsvæðisins, endurskoðun 2004**.

Fyrir hönd ráðgjafa, Reykjavík 16.maí 2008

Júlíus Þór Júlíusson




Skýringar

- Miðlína vegar
- Hljóðgjafi
- Akbrautir
- ▨ Byggingar, skv samþ. og áætluðu skipulagi
- Hæðarlínur

UMFERÐARFORSENDUR 2024

Hringvegur 1-A:	20.860 bílar/dag, 90 km/klst
Hringvegur 1-B:	18.000 bílar/dag, 90 km/klst
Hringvegur 1-C:	43.740 bílar/dag, 90 km/klst
Rampi 1 og 4:	12870 bílar/dag, 50 km/klst
Rampi 2 og 3:	1430 bílar/dag, 50 km/klst
Fossavegur:	25.000 bílar/dag, 50 km/klst
Tengivegur-LVT:	3600 bílar/dag, 50 km/klst
Kvislatunga:	1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
Vogatunga:	1500-500 bílar/dag, 30 km/klst

Hlutfall þungra bíla á Hringvegi, römpum, hringtorgi og Fossavegi : 8,0%





Mislæg vegamót á Hringvegi
Leirvogstunga / Tungumelar í Mosfellsbæ
 Hljóðkort, umferð árið 2024, án hávaðavarna

FJÖLHÖNNUN ehf
 Stórhöfða 27 · 110 Reykjavík
 Sími 525 0300 · Fax 525 0309

Dags: 30.06.2008
 Unnið af: JÞJ

01



- Skýringar**
- Miðlina vegar
 - Hljóðgjafi
 - Akbrautir
 - ▨ Byggingar, skv samp. og áætluðu skipulagi
 - Jarðvegsmanir
 - Hljóðveggur

UMFERÐARFORSENDUR 2024

Hringvegur 1-A: 20.860 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-B: 18.000 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-C: 43.740 bílar/dag, 90 km/klst
 Rampi 1 og 4: 12870 bílar/dag, 50 km/klst
 Rampi 2 og 3: 1430 bílar/dag, 50 km/klst
 Fossavegur: 25.000 bílar/dag, 50 km/klst
 Tengivegur-LVT: 3600 bílar/dag, 50 km/klst
 Kvíslatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Vogatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Hlutfall þungra bíla á Hringvegi, römpum, hringtorgi og Fossavegi : 8,0%

Hæðir jarðvegsmana og veggja miðast við yfirborð miðju vestari akbrautar Hringvegar

Mælikvarði 1:3000


0 15 30 60 90 120 m

Mislæg vegamót á Hringvegi
Leirvogstunga / Tungumelar í Mosfellsbæ
 Hljóðkort, umferð árið 2024, með hávaðavörnum

FJÖLHÖNNUN ehf
 Stórhöfða 27 · 110 Reykjavík
 Sími 525 0300 · Fax 525 0309

Dags: 30.06.2008
 Unnið af: JÞJ


02



- Skýringar**
- Miðlína vegar
 - Hljóðgjafi
 - Akbrautir
 - ▤ Byggingar, skv samþ. og áætluðu skipulagi
 - ▬ Jarðvegsmanir
 - Hljóðveggur

UMFERÐARFORSENDUR 2024

Hringvegur 1-A: 20.860 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-B: 18.000 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-C: 43.740 bílar/dag, 90 km/klst
 Rampi 1 og 4: 12870 bílar/dag, 50 km/klst
 Rampi 2 og 3: 1430 bílar/dag, 50 km/klst
 Fossavegur: 25.000 bílar/dag, 50 km/klst
 Tengivegur-LVT: 3600 bílar/dag, 50 km/klst
 Kvíslatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Vogatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Hlutfall þungra bíla á Hringvegi, römpum, hringtorgi og Fossavegi : 8,0%




**Mislæg vegamót á Hringvegi
 Leirvogstunga / Tungumelar í Mosfellsbæ**

Snið A, umferð árið 2024, með hávaðavörnum



Dags: 15.05.2008
 Unnið af: JÞJ



Hljóðstig
í dB(A)

<= 25
25 < <= 30
30 < <= 35
35 < <= 40
40 < <= 45
45 < <= 50
50 < <= 55
55 < <= 60
60 < <= 65
65 < <= 70
70 < <= 75
75 < <= 80
80 <


Skýringar

- Miðlína vegar
- Hljóðgjafi
- Akbrautir
- Byggingar, skv samþ. og áætluðu skipulagi
- Jarðvegsmanir
- Hljóðveggur
- Hæðarlínur

UMFERÐARFORSENDUR 2024

Hringvegur 1-A: 20.860 bílar/dag, 90 km/klst
Hringvegur 1-B: 18.000 bílar/dag, 90 km/klst
Hringvegur 1-C: 43.740 bílar/dag, 90 km/klst
Rampi 1 og 4: 12870 bílar/dag, 50 km/klst
Rampi 2 og 3: 1430 bílar/dag, 50 km/klst
Fossavegur: 25.000 bílar/dag, 50 km/klst
Tengivegur-LVT: 3600 bílar/dag, 50 km/klst
Kvislatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
Vogatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
Hlutfall þungra bíla á Hringvegi, römpum, hringtorgi og Fossavegi : 8,0%

Mælikvarði 1:1000



Mislæg vegamót á Hringvegi


Leirvogstunga / Tungumelar í Mosfellsbæ

Snið B, umferð árið 2024, með hávaðavörnum




Dags: 30.06.2008

Unnið af: JÞJ



Hljóðstig í dB(A)




Skýringar

- Miðlína vegar
- Hljóðgjafi
- Akbrautir
- ▤ Byggingar, skv samp. og áætluðu skipulagi
- ▬ Jarðvegsmanir
- ▬ Hljóðveggur
- ▬ Hæðarlínur

UMFERÐARFORSENDUR 2024

Hringvegur 1-A: 20.860 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-B: 18.000 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-C: 43.740 bílar/dag, 90 km/klst
 Rampi 1 og 4: 12870 bílar/dag, 50 km/klst
 Rampi 2 og 3: 1430 bílar/dag, 50 km/klst
 Fossavegur: 25.000 bílar/dag, 50 km/klst
 Tengivegur-LVT: 3600 bílar/dag, 50 km/klst
 Kvíslatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Vogatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Hlutfall þungra bíla á Hringvegi, römpum, hringtorgi og Fossavegi : 8,0%

Mælikvarði 1:1000



Mislæg vegamót á Hringvegi


Leirvogstunga / Tungumelar í Mosfellsbæ

Snið C, umferð árið 2024, með hávaðavörnum




Dags: 30.06.2008

Unnið af: JÞJ



Hljóðstig
í dB(A)




Skýringar

- Miðlína vegar
- Hljóðgjafi
- Akbrautir
- Byggingar, skv samp. og áætluðu skipulagi
- Jarðvegsmanir
- Hljóðveggur
- Hæðarlínur

UMFERÐARFORSENDUR 2024

Hringvegur 1-A: 20.860 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-B: 18.000 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-C: 43.740 bílar/dag, 90 km/klst
 Rampi 1 og 4: 12870 bílar/dag, 50 km/klst
 Rampi 2 og 3: 1430 bílar/dag, 50 km/klst
 Fossavegur: 25.000 bílar/dag, 50 km/klst
 Tengivegur-LVT: 3600 bílar/dag, 50 km/klst
 Kvislatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Vogatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Hlutfall þungra bíla á Hringvegi, römpum, hringtorgi og Fossavegi : 8,0%

Mælikvarði 1:1000



Mislæg vegamót á Hringvegi

Leirvogstunga / Tungumelar í Mosfellsbæ

Snið D, umferð árið 2024, með hávaðavörnum




Dags: 30.06.2008


Unnið af: JÞJ

0 100 200 300

100 + + + + 100




0 + + + + 0



- Skýringar**
- Miðlína vegar
 - Hljóðgjafi
 - Akbrautir
 - ▤ Byggingar, skv samp. og áætluðu skipulagi
 - Jarðvegsmanir
 - Hljóðveggur
 - Hæðarlínur

UMFERÐARFORSENDUR 2024

Hringvegur 1-A: 20.860 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-B: 18.000 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-C: 43.740 bílar/dag, 90 km/klst
 Rampi 1 og 4: 12870 bílar/dag, 50 km/klst
 Rampi 2 og 3: 1430 bílar/dag, 50 km/klst
 Fossavegur: 25.000 bílar/dag, 50 km/klst
 Tengivegur-LVT: 3600 bílar/dag, 50 km/klst
 Kvíslatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Vogatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Hlutfall þungra bíla á Hringvegi, römpum, hringtorgi og Fossavegi : 8,0%




Mislæg vegamót á Hringvegi
Leirvogstunga / Tungumelar í Mosfellsbæ
 Snið E, umferð árið 2024, með hávaðavörnum




Dags: 15.05.2008
 Unnið af: JÞJ

-100 -100

0 100 200 300



Hljóðstig
í dB(A)




Skýringar

- Miðlína vegar
- Hljóðgjafi
- Akbrautir
- Byggingar, skv samp. og áætluðu skipulagi
- Jarðvegsmanir
- Hljóðveggur
- Hæðarlínur

UMFERÐARFORSENDUR 2024

Hringvegur 1-A: 20.860 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-B: 18.000 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-C: 43.740 bílar/dag, 90 km/klst
 Rampi 1 og 4: 12870 bílar/dag, 50 km/klst
 Rampi 2 og 3: 1430 bílar/dag, 50 km/klst
 Fossavegur: 25.000 bílar/dag, 50 km/klst
 Tengivegur-LVT: 3600 bílar/dag, 50 km/klst
 Kvíslatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Vogatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Hlutfall þungra bíla á Hringvegi, römpum, hringtorgi og Fossavegi : 8,0%

Mælikvarði 1:1000



Mislæg vegamót á Hringvegi


Leirvogstunga / Tungumelar í Mosfellsbæ

Snið F, umferð árið 2024, með hávaðavörnum




Dags: 15.05.2008

Unnið af: JÞJ



Hljóðstig í dB(A)




Skýringar

- Miðlína vegar
- Hljóðgjafi
- Akbrautir
- Byggingar, skv samp. og áætluðu skipulagi
- Jarðvegsmanir
- Hljóðveggur
- Hæðarlínur

UMFERÐARFORSENDUR 2024

Hringvegur 1-A: 20.860 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-B: 18.000 bílar/dag, 90 km/klst
 Hringvegur 1-C: 43.740 bílar/dag, 90 km/klst
 Rampi 1 og 4: 12870 bílar/dag, 50 km/klst
 Rampi 2 og 3: 1430 bílar/dag, 50 km/klst
 Fossavegur: 25.000 bílar/dag, 50 km/klst
 Tengivegur-LVT: 3600 bílar/dag, 50 km/klst
 Kvíslatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Vogatunga: 1500-500 bílar/dag, 30 km/klst
 Hlutfall þungra bíla á Hringvegi, römpum, hringtorgi og Fossavegi : 8,0%

Mælikvarði 1:1000



Mislæg vegamót á Hringvegi

Leirvogstunga / Tungumelar í Mosfellsbæ

Snið G, umferð árið 2024, með hávaðavörnum



Dags: 15.05.2008

Unnið af: JÞJ

Alta ehf
Stefán F. Einarsson
Ármúla 32
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. maí 2008
Tilvísun: 2008030045/10.21
HF/ks

Efni: Varðar áhrif breikkunar Hringveggar um Leirvogstungu á Kölvukvísl og Leirvogsa.

Áætlanir Vegagerðarinnar miða við að Hringvegur verði á kaflanum frá Þingvallavegamótum að Kjalarnesi breikkaður í fjórar akreinar til vesturs þar sem hann fylgir núverandi vegi, þ.e. að nýja akbrautin verði fyrir umferðina til Reykjavíkur.

Nýjar brýr verða í samræmi við það byggðar yfir Köldukvísl og Leirvogsa alveg við hlið og vestan núverandi brúa og útlitsmótun þeirra mun jafnframt taka mið af lögum núverandi brúa. Þær brýr eru báðar í einu hafi og hafa lítil eða engin áhrif á árfarvegina. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi, að núverandi brú yfir Köldukvísl verði rifin og ný breið brú byggð í staðinn fyrir báðar akbrautir, en sú brú mun, ef til kemur, hafa sömu lögum og sú sem fyrir er og verða í einu hafi.

Virðingarfyllst,



Hilmar Finnsson
deildarstjóri áætlanaeildar
Suðvestursvæðis



Mislæg vegamót á Hringvegi, Leirvogstunga/Tungumelar í Mosfellsbæ

Minnisblað: 03 - Dags. 02.07.2008

Málefni: Afvötnun Hringvegjar og brúa

Aðgerðum sem lýst er í þessu minnisblaði miða að því að koma í veg fyrir að ofanvatn af fyrirhuguðum vegamannvirkjum, þ.e. mislægu hringtorgi og breyttum Hringvegi við Leirvogstungu/Tungumela, geti runnið óhindrað í Leirvogsgá eða Köldukvísl með hugsanlega skaðlegum áhrifum á lífríki ána.

Ofanvatn af hringtorgi á brúm verður veitt í lokað regnvatnskerfi sem tengist fráveitukerfi Leirvogstungu og þaðan fer það í hreinsipró sem staðsett er við ósa Köldukvíslar. Vatnsmagn frá þessu svæði er óverulegt, rétt um 10 sekúndulítrar. Lítið er á vegbrýr sem hluta af lokuðu gatnakerfi þ.e. með kantsteinum og hefðbundnum niðurföllum og af þeim ástæðum þykir eðlilegra að veita ofanvatninu í hreinsipróna.

Gert er ráð fyrir að ofanvatn af nýjum Hringvegi (2+2 vegi) verði leitt í veigrásir og svelgi í miðdeili vegar sem tengjast stofnlögnum og enda í grjótsvelgjum. Áætlað afrennsli af Hringvegi á kaflanum innan framkvæmdasvæðisins er innan við 200 sekúndulítrar miðað við regnskúr með tveggja ára endurkomutíma. Þar sem hápunktur Hringvegjar verður nokkuð sunnan við mislæga hringtorgið, mun mestur hluti þessa vatns renna til norðurs, eftir rásum meðfram veginum.

Til skoðunar hafa verið ýmsir möguleikar á hreinsun ofanvatns sem berst af Hringvegi og rennur til norðurs í átt að Leirvogsgá og til suðurs í átt að Köldukvísl. Niðurstaða þeirrar skoðunar er sú að miðað við stað og aðstæður að ofanvatninu sé veitt í grjótsvelgi við hlið vegar. Reiknað hefur verið með að útbúnir séu grjótsvelgir 50 m³ að stærð í veigrásirnar (alls á 4 stöðum) til að taka við þessu vatni, sem veitt er í þá, um veigrásir og stofnlagnir vegarins. Með því móti verði náð fullnægjandi síun ofanvatns áður en það síast út í jarðvatnskerfi umhverfisins.

Til að hámarks síun náist í grjótsvelgjunum þarf að velja saman steinefnin í þá, en almennt er talið að bögglaberg til notkunar í neðra burðarlag vega skv. Alverki Vegagerðarinnar veiti góða síun við aðstæður sem þessar.

Á framkvæmdatíma verður leitast við að koma í veg fyrir að ofanvatn berist í Leirvogsgá og Köldukvísl. Við núverandi aðstæður berst ofanvatn vegarins að hluta til og í árnar og mun svo vera áfram hluta framkvæmdatímans. Hluta framkvæmdtímans mun þó vera nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að „óhrein“ vatn af framkvæmdasvæðinu berist ekki í árnar ómeðhöndlað. Slíku vatni verður veitt með leiðigörðum eða rásum að umræddum grjótsvelgjum til síunar.

Ritað af: Guðna Eiríkssyni

FUNDARGERÐ

Mat á umhverfisáhrifum mislægra vegamóta á Hringvegi við Leirvogstungu/Tungumela í Mosfellsbæ.

Fundur með Mosfellsbæ til að fara yfir framkomna umsögn sveitarfélagsins við frummatsskýrslu mislægra vegamóta.

18. sept. 2008

Fundur var haldinn hjá Mosfellsbæ fimmtudaginn 18. sept. 2008 kl. 12. Á fundinum voru:

- Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs.
- Finnur Birgisson, skipulagsfulltrúi.
- Bjarni Sv. Guðmundsson, Leirvogstungu ehf.
- Teitur Gústafsson, Ístak hf.
- Stefán F. Einarsson, Alta ehf.

Markmið fundarins var að fara yfir og ræða framkomna umsögn Mosfellsbæjar við frummatsskýrslu, dags. 2. sept. 2008, einkum varðandi hljóðvist, ofanvatnsmeðhöndlun og framtíðaráform um tvöföldun Vesturlandsvegur og fyrirkomulag brúa yfir Köldukvísl og Leirvogsá.

Helstu niðurstöður fundarins

Hljóðvist

Í umsögn Mosfellsbæjar kom fram það mat að skoða þyrfti áhrifasvæði hljóðvistar viðar en gert er á kortum sem fylgja frummatsskýrslunni, einkum hvað varðar byggð næst Köldukvísl. Á fundinum var samkomulag um að fullt tillit væri tekið til hljóðvistar vegna hávaða frá umferð á framkvæmdasvæði mislægra vegamóta. Hávaði vegna umferðar utan framkvæmdasvæðisins, sunnan Köldukvíslar hefði hins vegar einnig áhrif á byggð í Leirvogstungu næst Köldukvísl og vildi Mosfellsbær benda á mikilvægi þess að þar yrði einnig gripið til viðeigandi ráðstafana, þó svo slíkar aðgerðir væru utan framkvæmdasvæðis mislægra vegamóta og ekki hluti af þeirri framkvæmd. Rætt var um möguleikann á hljóðvörnum sunnan brúar yfir Köldukvísl og bent á að á hljóðkortum með frummatsskýrslu hafi verið gert ráð fyrir mögulegum hljóðvörnum á því svæði.

Ofanvatnsmeðhöndlun

Í umsögn Mosfellsbæjar er gerð sú athugasemd að ekki liggi fyrir samkomulag milli Vegagerðarinnar og Mosfellsbæjar um afnot af hreinsimannvirkjum í eigu og rekstri Mosfellsbæjar, vegna ofanvatns af hringtorgi á brúm yfir Vesturlandsveg. Eðlilegt var talið að samkomulag um kostnaðardreifingu vegna ofanvatnsmeðhöndlunar yrði gert og kæmi t.d. fram í þjónustusamningi milli Mosfellsbæjar og Vegagerðarinnar um rekstur vegamótanna. Í því tilliti yrði höfð hliðsjón af fyrirliggjandi leiðbeiningum Vegagerðarinnar um kostnaðarskiptingu varðandi framkvæmd og rekstur vegamannvirkja þar sem þjóðvegur liggur í gegnum þéttbýli.

Í umsögninni kemur einnig fram að ekki sé með nægilega skýrum hætti gerð grein fyrir því hvernig ætlunin er að koma í veg fyrir mengun á framkvæmdatíma og þá sérstaklega gagnvart Leirvogsá. Skynsamlegast hafi verið að fá álit Veiðimálastofnunar vegna þessa. Samkomulag var um að framkvæmdaraðili skýrði nánar í matsskýrslu hvernig staðið yrði að mengunarvörnum á framkvæmdatíma, m.a. með myndrænni framsetningu á grundvallar fyrirkomulagi ofanvatnslausna. Fram kom að ofanvatn af Hringvegi verður leitt í tvöfalda grjótsvelgi þar sem verður jarðefni með tvennskonar grófleika. Svelgjum verði komið fyrir í vegrásum við hlið Hringvegur á 4 stöðum. Í upphafi framkvæmdatíma yrði strax komið fyrir grjótsvelgjum á þeim stöðum þar sem ofanvatn frá framkvæmdasvæðinu getur runnið á yfirborði í átt til Leirvogsár og/eða Köldukvíslar til að koma í veg fyrir að ofanvatn renni óhindrað út í árnar og valdi mengun á þeim. Samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp verða ofangreindar tillögur um meðhöndlun

ofanvatns lagðar fyrir heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis til samþykktar ásamt tillögum um fyrirkomulag þeirra mála á framkvæmdartíma.

Fyrir liggur umsögn Lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, dags. 12. ágúst 2008, þar sem fram kemur að ekki sé gerð athugasemd við frummatsskýrslu vegna umræddrar framkvæmdar og túlkar framkvæmdaraðili það svo að ekki sé gerð athugasemd við þá tilhögun ofanvatnsmeðhöndlunar sem þar er fjallað um.

Framtíðarsýn varðandi brýr yfir Leirvogsa og Köldukvísl og tvöföldun Vesturlandsvegur

Í umsögn sinni óskaði Mosfellsbær eftir skýrari framtíðarsýn Vegagerðarinnar varðandi brýrnar yfir Leirvogsa og Köldukvísl, svo þær yrðu ekki að flöskuhálsum við áframhaldandi tvöföldun Vesturlandsvegur. Þá væri mest mengunarhætta við árnar við umræddar brýr.

Framkvæmdaraðili benti á að tvöföldun Vesturlandsvegur væri ekki hluti umræddrar framkvæmdar, fyrir utan að lengd brúa og bergskeringar geri ráð fyrir tvöföldum Hringvegi. Þar af leiðandi yrði ekki fjallað nánar um framtíðarsýn Vegagerðarinnar um tvöföldun vegarins og brúa yfir Köldukvísl og Leirvogsa í endanlegri matsskýrslu og var samkomulag um það fyrirkomulag á fundinum.

Samkomulag var um mikilvægi þess að fyrirkomulag mengunarvarna á brúm yfir Köldukvísl og Leirvogsa yrði bætt, þannig að ofanvatn rynni ekki óhindrað út í árnar, en að slíkar lagfæringar væru þó ekki hluti af framkvæmd mislægra vegamóta og utan framkvæmdasvæðis þeirra. Þar af leiðandi yrði ekki fjallað um það fyrirkomulag í matsskýrslu.

Ritað af: Stefán F. Einarsson, Alta.

Sent: Fundarmönnum til yfirferðar og samþykktar.

